

Hafnarfjarðarbær
Innk: 27/1 2016
Málsnr: 16011216
Bréfal: 460

ORKUSTOFNUN

Orkuagarður • Grensásvegur 9 • 108 Reykjavík
Sími: 569 6000 • os@os.is • www.os.is

Hafnarfjarðarkaupstaður
b.t. Haraldar L. Haraldssonar
bæjarstjóra
Strandgötu 6
220 HAFNARFJÖRÐUR

Reykjavík, 22. janúar 2016
Tilvísun: 2015040003/50.4.5
Verknúmer: 3330300

Efni: Beiðni um umsögn um umsókn Iceland Resources ehf. um leyfi til leitar og rannsókna á málmum á Reykjanesskaga


Þann 11. september 2014 barst Orkustofnun umsókn Iceland Resources ehf., dags. 10. september 2014, um leyfi til leitar og rannsókna á málmum á átta svæðum á Íslandi, auk viðbótarupplýsinga með tölvupósti þann 30. október 2014. Orkustofnun sendi með bréfi, dags. 1. desember 2014, leiðbeiningar til Iceland Resources ehf. varðandi breytingar á umsókninni, sem m.a. fólu í sér að skipta henni upp í átta umsóknir, þ.e. eina umsókn fyrir hvert leitar- og rannsóknasvæði. Orkustofnun barst síðan með tölvupósti þann 8. mars 2015, meðfylgjandi umsókn Iceland Resources ehf., þar sem á grundvelli laga um rannsóknir og nýtingu á auðlindum í jörðu, nr. 57/1998, er sótt um leyfi til fimm ára, til leitar og rannsókna á málmum, með sérstaka áherslu á gull og kopar, á afmörkuðu svæði (EL 01) á Reykjanesskaga.


Samkvæmt 5. gr. laga nr. 57/1998, felur leyfi til leitar og rannsókna m.a. í sér heimild til þess að leita að málmum á tilteknu svæði á leyfistímanum, rannsaka umfang, magn og vinnslueiginleika málna og fylgja að öðru leyti þeim skilmálum sem tilgreindir eru í lögum nr. 57/1998, og Orkustofnun telur nauðsynlega. Leyfi til leitar og rannsókna felur hvorki í sér heimild til nýtingar á málmum, né fyrirheit um forgang leyfishafa að leyfi til nýtingar á málmum.

Orkustofnun vekur athygli á að samkvæmt 23. gr. laga nr. 57/1998, eru gögn sem afhent eru samkvæmt lögnum bundin trúnaði. Með vísan til þessa eru umsagnaraðilar beðnir um að virða þann trúnað.

Enda þótt Hafnarfjarðarkaupstaður sé hvorki lögbundinn umsagnaraðili né aðili máls, telur Orkustofnun rétt að gefa sveitarfélaginu kost á að kynna sér umrædda umsókn, og eftir atvikum veiti umsögn um hana telji Hafnarfjarðarkaupstaður ástæðu til. Þess er óskað að umsögnin berist Orkustofnun eigi síðar en föstudaginn 12. febrúar nk., sem og á tölvupóstfangið bgr@os.is. Berist umsögn ekki fyrir þann tíma, lítur Orkustofnun svo á að ekki séu gerðar athugasemdir við umsóknina.

Virðingarfyllt
f.h. orkumálastjóra


Bryndis G. Róbertsdóttir
land- og jarðfræðingur


Skúli Thoroddsen
lögfræðingur

Afrit sent til:
Iceland Resources ehf.

Einnig er óskað umsagna frá:
Forsætisráðuneytinu, Garðabæ, Grindavíkurbæ, Kópavogsbæ, Náttúrufræðistofnun Íslands, Reykjanesbæ, Reykjavíkurborg, Sveitarfélaginu Vogum, Sveitarfélaginu Ólfusi og Umhverfisstofnun.

Fylgiskjöl:

1. Umsókn Iceland Resources ehf. um leyfi til leitar og rannsókna á málmum á Reykjanesi – EL 01 (12 bls.), ásamt fjórum viðaukum:
 - Viðauki 1: EL 01 Reykjanes (2 bls.)
 - Viðauki 2: Timothy Eatwell CV and recommendations (3 bls.)
 - Viðauki 3: Gold Prospectivity and Exploration of Iceland (53 bls.)
 - Viðauki 4: Exploration licence priority selection (5 bls.)